



Atvinnuleysistryggingasjóður

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Mars 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Niðurstöður og ábendingar	3
3	Viðbrögð við niðurstöðum og ábendingum	4
4	Fjárheimildir og rekstur	5
4.1	Fjárheimildir	5
4.2	Rekstraráætlun.....	5
5	Innra eftirlit.....	6
5.1	Inngangur	6
5.2	Umfjöllun	6
5.2.1	Handbært fé.....	6
5.2.2	Eftirlitsaðgerðir	6
5.3	Niðurstöður/ábendingar	7
6	Fylgni við lög og reglur.....	8
6.1	Inngangur	8
6.2	Umfjöllun	8
6.3	Niðurstöður	8
7	Endurskoðun rekstrarliða	9
7.1	Tekjur	9
7.2	Rekstrarkostnaður.....	9
7.3	Niðurstöður/ábendingar	9
8	Endurskoðun efnahagsliða	10
8.1	Eignir	10
8.1.1	Viðskiptakröfur	10
8.1.2	Ríkissjóður.....	10
8.2	Eigið fé og skuldir	10
8.2.1	Höfuðstóll	10
9	Önnur atriði	11
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	11
9.2	Óhæðisyfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Sjóðurinn var síðast endurskoðuð vegna rekstrarársins 2015.

2 Niðurstöður og ábendingar

Niðurstöður endurskoðunar Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna rekstrarársins 2016 eru að mestu án athugasemda. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður og ábendingar.

1. Tryggja þarf samkeyrslu við Tækniskólann

Ein tegund eftirlitsaðgerða er samkeyrsla gagna við menntastofnanir. Aðgerðin hefur skilað góðum árangri og skólar hafa skilað umbeðnum gögnum að undanskildum Tækniskólanum sem hefur neitað beiðni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar sem er um að ræða mikilvæga eftirlitsaðgerð, þarf velferðarráðuneyti að bregðast við vandamálinu. Hér er um að ræða ítrekaða ábendingu frá fyrra ári.

2. Endurskoða þarf ferla og tölvukerfi

Ríkisendurskoðun leggur til að ferlar og tölvukerfi í tengslum við greiðslur vegna hráefnisskorts verði endurskoðaðar.

3. Þjónustusamningur við Vinnumálastofnun

Lagt er til að nýr þjónustusamningur verði gerður þar sem tekið er á öllum verkefnum sem Vinnumálastofnun sinnir vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs.

4. Rekstrarkostnaður

Vinnumálastofnun færir ekki allan kostnað við Atvinnuleysistryggingasjóð á sér viðfang og því er erfitt að fylgjast með hversu mikill raunkostnaður er við rekstur sjóðsins. Ríkisendurskoðun telur að rekstur fasteignar ætti að færast í heild hjá eiganda hennar sem er Atvinnuleysistryggingasjóður.

3 Viðbrögð við niðurstöðum og ábendingum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna ábendinga sem gerðar voru vegna endurskoðunar rekstrarársins 2016.

1. Tryggja þarf samkeyrslu við Tækniskólann

„Lögfræðideild Vinnumálastofnunar mun senda bréf til ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins og fara þess á leit að hann beiti sér fyrir úrbótum á eftirlitsaðgerðum varðandi samkeyrslu gagna við menntastofnanir.“

2. Endurskoða þarf ferla og tölvukerfi

„Unnið hefur verið úr þessari ábendingu og greiðslur úr Bóas hráefnisskortu berast með rafrænum hætti yfir til bókara sem bókar skjalið og gjaldkeri greiðir. Framkvæmd rafræns umsóknarferlis fer síðan eftir bolmagni Vinnumálastofnunar til þess að fjármagna þá vinnu sem krefst hugbúnaðarsmíði.“

3. Þjónustusamningur við Vinnumálastofnun

„Forstjóri mun vinna að drögum nýs þjónustusamnings milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar og leggja fyrir fagráðuneyti.“

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Tekjur sjóðsins eru atvinnuþryggingargjald.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Ríkistekjur	-10.502.900	-16.900.940	6.398.040	-14.801.132
Sértekjur	-585.000	-487.125	-97.875	-297.427
Önnur rekstrargjöld	785.300	1.016.078	-230.778	977.355
Tilfærslur	10.302.600	9.785.480	517.120	11.103.310
Samtals	0	-6.586.506	6.586.506	-3.017.893

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til gerðar rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Upphafleg rekstraráætlun var skráð í bókhaldskerfi ríkisins. Samkvæmt rekstraráætluninni var reiknað með rekstrarjafnvægi en rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 6,6 ma.kr.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs flokkast í atvinnuleysisbætur, starfstengd úrræði, styrki og framlög ásamt úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Greiðsla og umsýsla vegna atvinnuleysisbóta fer fram hjá Greiðslustofu á Skagaströnd. Önnur verkefni eru unnin af starfsmönnum höfuðstöðvar Vinnumálastofnunar í Reykjavík. Til eru skráðir ferlar vegna fjármuna og vinna er til staðar við skráningar annarra ferla þar sem verið er að búa til gæðahandbók.

Greiðslur til fiskvinnslustöðva vegna hráefnisskorts námu 177,4 m.kr. á árinu 2016 og voru ferlar og virkni innra eftirlits sérstaklega könnuð vegna þessa. Sérstakt tölvukerfi er notað til að halda utan um þetta verkefni. Við endurskoðun á ferlunum kom í ljós að upplýsingar vegna þessa verkefnis voru þrískráðar, af umsækjanda, umsjónarmanni og síðan bókara. Þessi ferill er hvorki hagkvæmur vegna auka afstemminga né nægilega öruggur, þar sem hætta á villum eykst við hverja handskráningu. Afstemming úr kerfinu sem reiknar út styrkina reyndist flókin og erfitt að stemma af við bankagreiðslur. Auðveldur rekjanleiki er mikilvægur þáttur í innra eftirliti og leggur Ríkisendurskoðun til að ferlar og tölvukerfi í tengslum við greiðslur vegna hráefnisskorts verði endurskoðuð.

5.2.1 Handbært fé

Þegar greiðsluskrá vegna atvinnuleysisbóta liggur fyrir, er send beiðni til höfuðstöðvar Vinnumálastofnunar um millifærslu af Seðlabankareikning á viðskiptabankareikning Atvinnuleysistryggingasjóðs. Af þeim reikning eru atvinnuleysisbætur greiddar.

Staðfestar voru afstemmingar á handbæru fé í árslok með því að bera saman bókhald stofnunar og ytri gögn frá viðskiptabönkum.

5.2.2 Eftirlitsaðgerðir

Framkvæmdar voru eftirlitsaðgerðir sem byggja á rafrænum samanburði á gögnum milli stofnana og fyrirtækja. Samkvæmt aðgerðinni eru aðilar sem hafa fengið ofgreitt krafðir um endurgreiðslu.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ein tegund eftirlitsaðgerða er samkeyrsla gagna við menntastofnanir. Aðgerðin hefur skilað góðum árangri og skólar hafa skilað umbeðnum gögnum að undanskildum Tækniskólanum sem hefur neitað beiðni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar sem um mikilvæga eftirlitsaðgerð er að ræða þarf velferðarráðuneyti að bregðast við vandamálinu.

Ríkisendurskoðun leggur til að ferlar og tölvukerfi í tengslum við greiðslur vegna hráefnisskorts verði endurskoðuð.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við.

Atvinnuleysistryggingasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

6.2 Umfjöllun

Í 4. gr. laga um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 er tilgreint að ráðherra fari með yfirstjórn atvinnuleysistrygginga. Í 5. grein laganna er fjallað um Atvinnuleysistryggingasjóð og þar segir að atvinnuleysisbætur skulu greiddar úr sjóðnum sem fjármagnaður er með atvinnuleysistryggingagjaldi. Samkvæmt áður nefndum lögum skal Vinnumálastofnun annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusamnings. Þjónustusamningur var gerður árið 2007 og í honum er fjallað um greiðslu atvinnuleysisbóta. Vinnumálastofnun sér einnig um önnur umfangsmikil verkefni fyrir sjóðinn sem eru vinnumarkaðsúrræði og styrkveitingar en þeirra er ekki getið í þjónustusamningi. Ríkisendurskoðun leggur til að nýr þjónustusamningur verði gerður þar sem tekið er á öllum verkefnum sem Vinnumálastofnun sinnir vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Stjórninni er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Stjórnin skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera áætlanir um rekstur og greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Í 6. gr. laga um atvinnuleysistryggingar kemur fram að þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra. Ekki er getið um þessar greiðslur í þjónustusamningnum. Vinnumálastofnun greiðir nú þau laun stjórnarmanna sem ættu að greiðast úr Atvinnuleysistryggingasjóði og er gerð athugasemd við framkvæmdina.

Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir til Vinnumálastofnunar umsýslugjald vegna afgreiðslu atvinnumála kvenna. Hluti launakostnaðar 0,7 m.kr. hefur verið færður hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Vinnumálastofnun greiðir laun einstaklinga sem sinna áður nefndum verkefnum og því ættu þessar launagreiðslur greiðast af Vinnumálastofnun.

6.3 Niðurstöður

Ríkisendurskoðun leggur til að nýr þjónustusamningur verði gerður þar sem tekið er á öllum verkefnum sem Vinnumálastofnun sinnir vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Tekjur

Atvinnuleysistryggingasjóður hefur tekjur af atvinnuþryggingagjaldi í samræmi við 2. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald. Um er að ræða markaðar tekjur sem byggja á hlutdeild í tryggingagjaldi. Innheimta, útreikningar og afstemmingar vegna þessa eru gerðar hjá Fjársýslu ríkisins og eru þeir útreikningar og sundurliðanir sendar til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

7.2 Rekstrarkostnaður

Um er að ræða kostnað vegna þjónustusamnings við Vinnumálastofnun, nefndarlaun vegna úrskurðarnefndar og rekstur fasteigna. Velferðarráðuneyti samþykkir kostnað vegna þjónustusamnings Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Vinnumálastofnun færir ekki allan kostnað við Atvinnuleysistryggingasjóð á sér viðfang, þannig er erfitt að fylgjast með hversu mikill raunkostnaður er við rekstur sjóðsins. Kostnaður sjóðsins vegna reksturs fasteigna má rekja til fasteignar við Laugaveg sem er í eigu sjóðsins og er leigð til Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar Rvk ehf. Bent er á að rekstur fasteigna er ekki markmið eða hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Kostnaður og tekjur vegna fasteignarinnar hefur verið færður hjá Vinnumálastofnun. Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir fasteignagjöld og ræstingu. Miðað við áður nefnt fyrirkomulag ætti Vinnumálastofnun að greiða fyrir ræstingu. Ríkisendurskoðun telur að rekstur fasteignar ætti að færast í heild hjá eiganda hennar, sem er Atvinnuleysistryggingasjóður.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Vinnumálastofnun færir ekki allan kostnað við Atvinnuleysistryggingasjóð á sér viðfang, þannig er erfitt að fylgjast með hversu mikill raunkostnaður er við rekstur sjóðsins.

Ríkisendurskoðun telur að rekstur fasteignar ætti að færast í heild hjá eiganda hennar sem er Atvinnuleysistryggingasjóður.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Endurskoðun efnahagsliða felst fyrst og fremst í staðfestingu á stöðu þeirra liða sem þar koma fram. Með hliðsjón af nýjum lögum um opinber fjármál þarf sérstaklega að huga að liðum eins og uppgjöri markaðra tekna, framlagi til eignarmyndunar og bundnu eigin fé.

Í árslok 2016 námu eignir 18.562,5 m.kr., skuldir námu 381,9 m.kr., handbært fé nam 2.728,4 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 18,180,6 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Viðskiptakröfur	477.127	803.291	-326.164
Álagt óinnheimt tryggingagjald	1.831.720	1.815.070	16.650
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	13.525.207	8.077.922	5.447.285
Handbært fé	2.728.439	1.485.312	1.243.126
Eignir alls	18.562.492	12.181.595	6.380.897
Eigið fé:			
Höfuðstóll	18.180.608	11.594.102	6.586.506
Skuldir:			
Viðskiptaskuldir	255.221	476.057	-220.836
Aðrar skammtímaskuldir	126.664	111.437	15.227
Eigið fé og skuldir alls	18.562.492	12.181.595	6.380.897

8.1 Eignir

8.1.1 Viðskiptakröfur

Skammtímakröfurnar eru til komnar vegna ofgreiðslu á bótum og myndast þessar kröfur í innheimtu og eftirlitsdeild. Framkvæmdar voru eftirlitsaðgerðir sem byggja á rafrænum samanburði á gögnum milli stofnana og fyrirtækja. Samkvæmt niðurstöðu yfirferðar hafa aðilar sem fengu ofgreitt verið krafðir um endurgreiðslu.

8.1.2 Ríkissjóður

Greiðslustaða við ríkissjóð í árslok var jákvæð um 13.525,2 m.kr.

8.2 Eigið fé og skuldir

8.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll í ársbyrjun nam 11.594,1 m.kr. Hagnaður ársins var 6.586,5 m.kr. og nam höfuðstóll í árslok 18.180,6 m.kr.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra og fjármálastjóra.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is